

5. Fundur

Haldinn að Breiðabliki 17. Apríl 20014

Mættir:

Guðbjartur Gunnarsson, Halldór Jónsson, Hrefna Birkisdóttir, Pröstur Aðalbjarnarson og Svanur Guðmundsson varamaður Sigurðar Hreinssonar

Eggert Kjartansson gestur

Lagning hitaveitulagnar frá Lynghaga að Miðhrauni II.

Reynt var að hafa samband við Sigurð Hreinsson hreppsnefndamann til boðunar fundarins fyrir fundinn en án árangurs.

Sigurður Hreinsson hafði samband inn á fundinn. Hann vildi meina að hann þurfi ekki framkvæmdaleyfi gagnvart framkvæmdinni. Hann telur að ef hreppsnefndin er annarrar skoðunar beri henni að vísa þeim ágreiningi til úrskurðar Skipulagsstofnunnar.

Sveitarstjórn telur framkvæmdina vera framkvæmdaleyfisskilda. Samber reglugerð 772/2012 5.grein. Ekki hefur verið sótt um framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni sem er nú þegar hafin.

Sveitarstjórn samþykkir að stöðva framkvæmdina á grundvelli 16. gr. Reglugerðar nr 772/2012. Svo hægt sé að setja framkvæmdina í réttan farveg.

Sveitarstjórn felur oddvita að fylgja málinu eftir nú þegar.

Samþykkt með 4 atkvæðum. Halldór Jónsson situr hjá.

Fyrir fundinn lá eftirfarandi áskorun.

Íbúar samankomnir að Vegamótum 17.apríl 2014 mótmæla framkvæmd og framferði Félagsbúsins að Miðhrauni II vegna framkvæmda sem þau hafa þegar hafið við lagningu hitaveitulagna. Óskum eftir að hreppsnefnd skoði leyfismál framkvæmdarinnar. Tuttugu aðilar skrifa undir ályktunina.

Eggert Kjartansson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Fleira ekki gert og fundi slitið